Skóla-akur

Vefrit um skólamál 14. tbl. 9. árg. 29. október 2015

Myndir augnabliksins eru frá Oddeyrarskóla og sýna nemendur í 3. og 4. bekk að læra á sauma-vélar.

Hænur í Giljaskóla.

Nemendur í Giljaskóla hafa verið að byggja hænsnakofa í Miðgarði ásamt smíðakennurum sínum síðan í vor og er nú risinn glæsilegur kofi þar. Kofinn er notaður undir hænur sem koma til vetrardvalar í skólann frá dvalarheimilinu Hlíð en um er að ræða samstarfsverkefni milli þessara stofnana. Enn fremur er þetta liður í Grænfána- og sjálf-bærnivinnu skólans. Hænurnar hafa verið á Hlíð í sumar og munu dvelja þar næstu sumur og ætla nemendur með aðstoð starfsfólks Giljaskóla að sjá um þær á veturna. Þriðji til tíundi bekkur skiptast á að sjá um þær viku og viku með aðstoð húsvarðar. Mikill spenna ríkti hjá nemendum og starfsfólki fyrir komu þeirra og hafa hænurnar fært mikla gleði í hús. Þess má geta að fyrsta eggið kom þremur tímum eftir komuna í Giljaskóla og hafa hænurnar verið mjög duglegar að verpa.

Nemendur og starfsfólk Giljaskóla vilja þakka eftirtöldum aðilum fyrir veittan stuðning:
Byko, Blikkrás, Gúmmívinnslunni og foreldrafélagi Giljaskóla.

Alþjóðlegi bangsadagurinn.

Alþjóðlegi bangsadagurinn er afmælisdagur Theodore (Teddy) Roosevelt fyrrverandi Bandaríkjaforseta. Hann var mikil skotveiðimaður og sagan segir að eitt sinn þegar hann var á veiðum hafi hann vorkennt litlum varnalausum bjarnarhúni og sleppt honum. Washington Post birti skopmynd af þessum atviki. Búðareigandi einn í Brooklyn í New York varð svo hrifinn af þessari sögu að hann bjó til leikfangabangsa sem hann kallaði í höfuðið á Teddy eða Teddy Bear. Nú er þessi leikfangabangsi orðin vinsæll leikfélagi barna um allan heim.

Bangsadeginum er fagnað um allan heim og eru það bókasöfn og skólar sem standa fyrir ýmsum viðburðum í tilefni dagsins. Bókasöfn á Norðurlöndunum hafa haldið bangsadag frá árinu 1998 en árið 2000 var fyrsti bangsadagurinn á Amtsbóksafninu á Akureyri.
Október er bangsamánuður á Amtsbókasafninu á Akureyri og eru þá bangsasögustundir kl. 16:15 alla fimmtudaga. Leikskólum bæjarins er boðið að koma í heimsókn alla morgna til að hlusta á bókasafnsbangsann lesa bangsasögur. Stóra bangsasögustundin er fimmtudaginn 29. október kl. 16:15. Bangsafjör í barnadeildinni, bangsahappdrætti, bangsagetraun, bangsagúmmí, bangsaþrautir og bangsamyndir. Myndirnar sýna heimsókn frá Tröllaborgum á bókasafnið.

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skrímsli á leikskóladeild Hríseyjarskóla.

Í október hefur verið skrímslaþema á leikskóladeild Hríseyjarskóla. Nemendur hafa m.a. lesið um hinar ýmsu óvættir, föndrað óhugnanleg og hugguleg skrímsli og bakað skrímslabollur. Skrímslavinnan er góð leið til að kenna nemendum um líkamann- og tilfinningar, því mikið er til af bókum um skrímsli sem þurfa að kljást við hinar ýmsu aðstæður og svo eru þau bara svo einstaklega skemmtileg.



Brekkuskóli tekur þátt í Erasmus + verkefni.

Brekkuskóli er einn af sex skólum, frá jafnmörgum löndum, sem eru að hefja vinnu við þriggja ára samstarfsverkefni sem styrkt er af „The Erasmus + School Partnership“ (áður Comenius) og er fjármagnað af Evrópusambandinu. Dagana 13. til 16. október hittust þrettán kennarar frá samstarfslöndunum, Ítalíu, Danmörku, Wales, Spáni, Íslandi og Þýskalandi í Blücherskólanum í Wiesbaden í Þýskalandi.
Af hálfu Brekkuskóla sátu Helga Sigurðardóttir og Sigríður Margrét Hlöðversdóttir fundinn.
Verkefnið hefur hlotið nafnið Learn, Create and Communicate – Lærum, sköpum og spjöllum og byggir, eins og nafnið bendir til á því að nemendur læra um þjóðir og menningu samstafslandanna, skapandi hugsun og vinnubrögð og þjálfast í að hafa samskipti sín á milli í gegnum nútíma margmiðlun.
Á fundinum skiptust þátttakendur á veggspjöldum sem nemendur höfðu útbúið. Þar kynntu þeir annarsvegar land sitt og hinsvegar söfnuðu þar saman sínum hugmyndum um hin samstarfslöndin.Verkefnisstjórn er í höndum Elisa Haaparanta frá Danmörku, en hver skóli skipar auk þess sinn ábyrgðarmann.

Yfirfarinn matseðill leik- og grunnskóla.

Frá janúar 2012 hefur verið sameiginlegur matseðill í öllum leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar. Matseðillinn rúllar á 7 vikna fresti. Matráðar hafa úr nokkurm uppskriftum að velja hvern dag. Nákvæman matseðil er að finna á heimasíðum leik- og grunnskólanna. Nú er búið að yfirfara allar uppskriftirnar og bæta við 10 nýjum uppskriftum. Farið er eftir ráðleggingum frá Landlæknisembættinu, en þær styðjast við samnorrænar ráðlegginar.

Fiskur eða fiskréttir tvisvar í viku. Líka feitur fiskur.
Kjöt eða kjötréttir tvisvar í viku.
Súpur, skyr, hrísgrjónagrautur eða léttur réttur einu sinni í viku.
Grænmeti, salat og ávextir í boði alla daga.
Gróft brauð (með háu hlutfalli trefja).
Grænmetisréttur tvisvar sinnum í mánuði í stað kjötrétta.

Hér má sjá nýjan bækling frá Landlænisembættinu:
http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item25796/radleggingar-um-mataraedi-2015.pdf

Sameiginlega matseðla má nálgast á: http://www.akureyri.is/skoladeild/matur

Afmæli Iðavallar.

Leikskólinn átti, 56 ára afmæli, 24. október og af því tilefni var haldin afmælisgleði fyrir helgina. Sungið var á sal, fyrst afmælislagið og síðan fleiri lög, spilað var undir á gítar. Síðan var boðið upp á bíó í salnum. Í hádeginu var boðið upp á hamborgara og steiktar kartöflur – þetta var mikil veisla.

Sjá nánar á: http://idavollur.is/?p=2577

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 12. nóvember